

Sjónlistir

5.-7. bekkur

Kennsla í sjónlistum í 5.-7. bekk í Hörðuvallaskóla tekur mið af þeim hæfniviðmiðum sem sett eru fram í Aðalnámskrá fyrir list- og verkgreinar.

Hæfniviðmiðin úr Aðalnámskrá koma fram í fremsta dálkinum hér fyrir neðan.

Í kennsluáætlunum og verkefnum inni í Mentor sést hvað sett er á oddinn á hverju tímabili í árgöngum.

Formlegt lokamat fer aðeins fram í lok 7. bekkjar.

Sjónlistir

Hæfniviðmið (fyrir list- og verkgreinar)	Viðfangsefni	Leiðir	Námsefni
<p>Nemandi getur: Útskýrt og sýnt vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd til afurðar. Hagnýtt leikni og þekkingu sem hann hefur öðlast til að takast á við fjölbreytt viðfangsefni. Tekið tillit til annarra í hópvinnu og sýnt frumkvæði. Haft sjálfbærni að leiðarljósi í vinnu sinni. Beitt helstu tækni sem námsgreinin býr yfir. Gert grein fyrir menningarlegu hlutverki list- og verkgreina. Gert grein fyrir helstu hugtökum sem tengjast viðfangsefni hans. Sýnt ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði. Lagt mat á eigin verk og sýnt skilning á vönduðum vinnubrögðum.</p>	<p>Vinnuferli Leikni og þekking Tillit og frumkvæði Sjálfbærni/sjálfstæði Tækni Menningarlæsi Hugtök í faginu Umgengni og frágangur Sjálfsmat og vönduð vinnubrögð</p>	<p>Skissu- og hugmyndavinna og sýnt fram á ferli í ferilmöppu (í I-pad). Að nemendur öðlist þekkingu og færni við verkefnavinnu. Valin verkefni unnin í hópum. Umræða um þau hughrif sem listaverk geta haft, hvaða tilfinningar þau vekja og úr hvaða menningu þau eru sprottin. Vinna með mismunandi tækni sem beitt er við myndsköpun. Að nemendur segi frá verki sínu, bakrunni og innihaldi. Lögð áhersla á góða umgengni um verkfæri og vinnustað.</p>	